# Skref 1.




Hér skal skrá virkt netfang og símanúmer.

# Skref 2.




Hér fyrir ofan á að skrifa inn heimagistingar númer sem allir fá úthlutað þegar skráning er samþykkt. Það má finna umrætt númer t.d. í tölvupósti sem sendur var á skráningaraðila en númerið er átta tölustafir með forskeytinu HG-. Dæmi væri: HG-12345678.

Aðili sem ekki finnur númerið sitt getur sent póst á heimagisting@syslumenn.is og skal tölvupósturinn koma frá sama netfangi og viðkomandi notaði til að skrá sig.

# Skref 3.




Hér skal skrá heiti gististaðar. Ef ekkert sérstakt heiti er á gististað skal skrá heimilisfang eða til að mynda nafn á markaðsefni.

# Skref 4.




Hér skal velja annars vegar hámarksfjölda gesta og hámarksfjölda herbergja í útleigu hverju sinni.

# Skref 5.




Hér þarf að samþykkja skilmála heimagistingar með því einfaldlega að haka í boxið.

# Skref 6.




Ef allt er með felldu að þá getur aðili klárað umsókn með því að greiða skráningargjald. Í einhverjum tilvikum getur til að mynda komið fyrir að einstaklingur hafi slegið inn rangt HG-númer og fær þá eftirfarandi villumeldingu:




Í því tilviki þarf viðkomandi að fara til baka og skrá inn rétt HG-númer. Við minnum á að finna má umrætt númer t.d. í tölvupósti sem sendur var á skráningaraðila en númerið er átta tölustafir með forskeytinu HG-. Dæmi væri: HG-12345678.

Aðili sem ekki finnur númerið sitt getur sent póst á heimagisting@syslumenn.is og skal tölvupósturinn koma frá sama netfangi og viðkomandi notaði til að skrá sig.